

hjólum og léttum bifhjólum að aftan, en á dráttarvélum og beltabifhjólum að framan. Heimilt er að hafa skráningarmerki aftan á dráttarvél og beltabifhjóli, ef sérstaklega stendur á og aðstaða er til þess að mati bifreiðaeftirlitsmanns.

3. gr.

Á eftir 14. gr. komi ný grein, 14. gr. a, svo hljóðandi:

Skráningarmerki beltabifhjóla skulu vera réttthyrnd með svörtum stöfum á hvítum, glituðum grunni, 80 mm á hæð, en hæð stafa 50 mm. Aftan við umdæmisbókstaf skal standa bókstafurinn b, 35 mm á hæð.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 62 31. maí 1976, öðlist þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. október 1976.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um afgreiðslutíma Selfoss Apóteks.

Samkvæmt heimildum í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972, skal afgreiðslutími Selfoss Apóteks vera sem hér segir:

Mánudaga — föstudaga	kl. 09.00—18.30
Laugardaga og sunnudaga	kl. 10.00—12.00
Helgidaga, að undanskildum nýársdegi, föstudeginum langa, páskadegi, hvítasunnudegi og jóladegi	kl. 10.00—12.00

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. sept. 1976.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.